

Starfsreglur stjórnar

Vörður líftryggingar hf.

STARFSREGLUR STJÓRNAR VARÐAR LÍFTRYGGINGA HF

1. ALMENNT UM STJÓRN FÉLAGSINS

Vörður líftryggingar hf. („félagið“ eða „Vörður líf“) starfar á grundvelli laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 („vtsl.“), laga um hlutafélög nr. 2/1995 („hfl.“), og laga nr. 3/2006 um ársreikninga („árl.“). Vörður líf er jafnframt fjármálafyrirtæki og með eftirliti Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga nr. 87/1998.

Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli vtsl. og með vísan til 5. mgr. 70. gr. hfl. Við gerð reglnanna var jafnframt tekið mið af árl., og eftir atvikum öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, auk samþykktu félagsins og annarra reglna sem stjórnin sjálf hefur sett sér, leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti, 6. útgáfu („leiðbeiningar“), handbók stjórnarmanna, 2. útgáfu, og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins þar sem við á.

Starfsreglur þessar gilda um stjórn félagsins, þ.e. stjórnarmenn og varamenn þeirra eins og þeir eru skilgreindir í hfl., svo og aðra sem nefndir eru sérstaklega.

Tilgangur þessara starfsreglna er að lýsa með nákvæmari hætti hvernig stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar. Tilgangurinn er einnig að tryggja jafnræði í meðferð mála og góða og sjálfstæða meðhöndlun þeirra. Starfsreglunum er einnig ætlað að tryggja gagnsæi og styrkja viðskiptalegar forsendur félagsins.

2. SKIPAN STJÓRNAR

Stjórn félagsins skal skipuð allt að þremur mönnum samkvæmt samþykktum félagsins, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Kjósa skal þann lágmarksfjölda varamanna sem lög kveða á um á hverjum tíma.

Ný stjórn skal sama dag og aðalfundur er haldinn eða eigi síðar en innan tveggja vikna, koma saman til fundar. Sá stjórnarmanna sem hefur að baki lengstan starfsferil sem stjórnarmaður, skal sjá um að boða til fundarins, en ella aldursforseti stjórnarmanna en getur falið forstjóra eða ritara stjórnar að sjá um fundarboð. Á fundinum skal stjórnin kjósa sér formann og varaformann.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Með hagsmunum félagsins að leiðarljósi skal stjórn ákvarða félaginu hlutverk og setja því meginmarkmið í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og jafnframt marka þá stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum

3. HÆFI OG ÓHÆÐI STJÓRNARMANNA

Stjórnarmenn skulu uppfylla skilyrði laga um hæfi og hæfni, og lúta þeim reglum sem Fjármálaeftirlitið setur um hæfi stjórnarmanna. Um hæfi stjórnarmanna váttryggingafélaga er fjallað í 41. gr. vtsl.

Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og/eða stórum hluthöfum þess (sem ræður 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðavægi). Meirihluti stjórnarmanna skal ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu. Stjórnarmenn skulu leggja fram viðeigandi upplýsingar til að auðvelda mat á óhæði þeirra og tilkynna um breytingar sem verða á högum þeirra sem geta haft áhrif það hvort þeir teljist óháðir

Stjórn skal sjálf meta hvort tilvonandi nýr stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu og/eða stórum hluthöfum þess, eins og kveðið er á um m.a. í leiðbeiningum um stjórnarhætti. Ávallt er um mat að ræða sem byggir á ákveðnum forsendum.

Stjórnarmaður telst **ekki** óháður, ef;

- Hann er eða hefur verið starfsmaður félagsins eða nátengds félags undanfarin þrjú ár.
- Hann þiggur eða hefur þegið verulegar greiðslur frá félaginu, dótturfélögum eða æðstu stjórnendum þess, fyrir utan þau laun sem hann fær sem stjórnarmaður, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki, undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins.
- Ef hann er eða hefur verið síðastliðið ár, í umtalsverðum viðskiptum við félagið eða nátengd félög, t.a.m sem viðskiptavinur, birgir eða samstarfsaðili, eða hefur mikilla annarra viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu, hvort heldur er persónulega eða í gegnum annað félag. Hann er einn af daglegum stjórnendum annars félags þar sem einn af stjórnarmönnum þess er daglegur stjórnandi í félaginu.
- Hann er, eða hefur verið undanfarin þrjú ár, áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins, meðeigandi ytri endurskoðanda félagsins eða nátengds félags, eða starfsmaður sem tekið hefur þátt í ytri endurskoðun félagsins.
- Hann er tengdur nánum fjölskylduböndum daglegum stjórnendum félagsins og/eða aðila sem er nefndur í töluíðum hér að framan ef sá aðili er ekki í beinum eða óbeinum viðskiptum við félagið og þau eru slík að umfangi að ekki er réttlætanlegt að telja stjórnarmanninn óháðan.
- Stjórninni er kunnugt um einhver önnur atriði, þar sem hagsmunir stjórnarmanns og félagsins skarast verulega.

Fráfarandi stjórn skal, meta óhæði þeirra sem til greina koma við stjórnarkjör fyrir aðalfund félagsins og gera niðurstöðu aðgengilega hluthöfum, sbr. ákvæði 63. gr. a. hfl. Þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir svo unnt sé að leggja mat á óhæði nýrra stjórnarmanna samkvæmt framangreindu eru:

- Nafn, kennitala og heimilisfang.
- Aðalstarf, menntun og starfsreynsla.
- Upplýsingar um stjórnarsetu í öðrum félögum.
- Eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum þriðja aðila.
- Hagsmunatengsl stjórnarmanns við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila, svo og stóra hluthafa í félaginu.
- Önnur tengsl við félagið sbr. liði a.-g. gr. 3.3 hér að framan.

4. FUNDIR STJÓRNAR, FUNDARBOÐ O.FL.

Fundir stjórnar skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast telji stjórn ástæðu til. Stjórnarfundir skulu almennt haldnir á skrifstofu félagsins, en halda má þá annars staðar ef tilefni er til og eftir aðstæðum hverju sinni. Stjórnarfundir skal ætíð halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða telji forstjóri þess þörf. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka á stjórnarfundum með fjarfundabúnaði ef nauðsyn krefur.

Stjórn er heimilt að halda sameiginlega stjórnarfundum með stjórn Varðar tryggingum hf. Skýrt skal fjalla um í fundargerð ef um sameiginlega fundi stjórna er að ræða og hvaða fundarefni voru rædd sameiginlega. Almennt er miðað við að stjórn Varðar trygginga hf. og stjórn Varðar líftrygginga hf. fundi sameiginlega nema þegar um ársuppgjör félaganna er að ræða. Helstu málefni sameiginlegra funda er til að mynda stefnur og reglur, þróunarverkefni og stefnumótun samstæðunnar, almenn markaðsmál auk málefna sem varða almennt samstæðu Varðar trygginga hf.

Formaður stjórnar skal sjá til þess að stjórnarfundir séu boðaðir en getur falið forstjóra eða ritara stjórnar að sjá um fundarboð. Heimilt er að boða til stjórnarfunda með tölvupósti á tölvupóstfang sem stjórnarmenn tiltaka. Stjórnarfundir skal boða með minnst einnar viku fyrirvara, sé þess nokkur kostur, og skal þar tilgreina dagskrá fundarins í fundarboði. Æskilegt er að minnst fjórum (4) dögum fyrir stjórnarfund séu fundargögn um einstök málefni á dagskrá þess fundar, aðgengileg á vefgátt stjórnar.

Ef ósk berst frá stjórnarmanni eða forstjóra um fund skal boðað til fundar innan viku frá því að slík ósk berst formanni og skal fundurinn haldinn innan tveggja (2) vikna. Formaður boðar varamenn í forföllum aðalmanna ef þurfa þykir.

Forstjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Jafnframt situr stjórnarfundir ritari stjórnar en aðrir sérfræðingar félagsins eru boðaðir eftir þörfum.

5. ATKVÆÐISRÉTTUR, ÁKVÖRÐUNARVALD O.FL.

Fundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund sem boðaður hefur verið réttilega í samræmi við samþykktir félagsins. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á fundum stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls nema öðruvísi sé kveðið á um í samþykktum félagsins eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns sbr. 16. gr. samþykktar félagsins.

Mikilsháttar ákvarðanir má ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, ef þess er nokkur kostur. Óski stjórnarmaður eftir frestun á afgreiðslu máls til annars fundar er stjórn rétt að verða við þeirri beiðni, enda þoli málið slíka bið.

6. FUNDARGERÐIR STJÓRNAR OG FUNDARGERÐARBÓK

Stjórnarformaður skal sjá til þess að haldin sé rafræn fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum. Fundargerðir skulu unnar rafrænt og skulu þær vistaðar á vefgátt stjórnarmanna þar sem þær eru aðgengilegar öllum stjórnarmönnum.

Stjórnarmenn eiga rétt á að fá bókaða afstöðu sína í fundargerð. Bóka skal í fundargerð ef stjórnarmaður vísar sæti vegna vanhæfis og tilgreina ástæðu vanhæfis. Jafnframt skal bókað þegar stjórnarmaður kemur aftur inn á fundinn. Stjórnarmaður sem vísar sæti vegna vanhæfis skal ekki fá aðgang að þeim þætti fundargerðar þar sem fjallað er um það efni er vanhæfi tók til.

Endanleg fundargerð skal yfirfarin, borin upp til samþykktar og undirrituð í upphafi næsta fundar og undirrituð af þeim aðilum sem sátu fundinn, sé það unnt, er heimilt er að staðfesta fundargerðir með fullgildri rafrænni undirritun. Þeir stjórnarmenn sem ekki sátu fundinn skulu staðfesta með undirritun sinni að þeir hafi kynnt sér efni hennar. Heimilt er stjórnarmönnum að fá bókaðar stuttar athugasemdir við fundargerðir. Eftir samþykkt fundargerðar skal tryggja að fundargerðin sé vistuð á rafrænu formi á vefgátt stjórnarmanna á svæði merkt „fundargerðir stjórnar“. Rafræn frumrit fundargerða skal varðveitt og skulu þau vera aðgengileg fyrir stjórnarmenn, forstjóra og endurskoðanda félagsins sem og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.

Um geymslutíma fundargerða vísast í reglur félagsins sem gilda á hverjum tíma, um geymslu og grisjun gagna.

7. ÁKVÖRÐUN UM EINSTÖK VIÐSKIPTI

Stjórnarmenn og forstjóri skulu ekki taka þátt í meðferð máls sem varða viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtæki sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn í eða eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga verulegra hagsmuna að gæta. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

Stjórnarmönnum og forstjóra er skylt að upplýsa stjórn ef þeir telja minnsta vafa leika á hæfi þeirra. Stjórn skal sjálf taka ákvörðun um hæfi einstakra stjórnarmanna eða forstjóra í einstökum málum.

Einstakur stjórnarmaður eða forstjóri geta krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent telji þeir stjórnarmanninn vanhæfan til meðferðar máls. Stjórnarmaður skal víkja af fundi taki hann ekki þátt í ákvörðun vegna hagsmunatengsla. Tryggja skal enn fremur að stjórnarmaður fái ekki aðgang að gögnum er varða meðferð þess áður en það er afgreitt.

8. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem fram fer á stjórnarfundum, um viðskipti félagsins og viðskiptahugmyndir, um áform þess og hagi viðskiptamanna og annað það sem leynt skal fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gerð skuli opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum hfl., samþykktum félagsins eða dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af stjórnarstörfum í félaginu.

Stjórnarmenn skuldbinda sig til að hagnýta ekki, hvorki í eigin þágu né annarra utan félagsins, vitneskju eða hugmyndir sem þeir fá aðgang að í störfum sínum fyrir félagið. Gildir það bæði um trúnaðarupplýsingar frá utanaðkomandi aðilum og innanhússupplýsingar sem þeim eru látnar í té eða hafa aðgang að vegna stjórnarstarfa þeirra.

Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að upplýsingar og gögn sem hann hefur fengið vegna stjórnarstarfsins, séu meðhöndluð sem trúnaðargögn, séu ekki aðgengileg óviðkomandi aðilum eða komist ekki á annan hátt í hendur aðila utan stjórnar og skuldbindur stjórnarmaður sig til að meðhöndla allar upplýsingar og gögn með tryggilegum og öruggum hætti.

Séu gögn sem lögð eru fyrir stjórnarfund merkt „algjört trúnaðarmál“ eða slíkt sérstaklega tilgreint af stjórnarformanni eða forstjóra, skulu stjórnarmenn ekki taka með sér gögn af stjórnarfundum. Meirihluti stjórnar getur samþykkt að aflétta slíkum takmörkunum.

9. ÁBYRGÐ, MEGINHLUTVERK OG VERKEFNI STJÓRNAR

Meginhlutverk stjórnar eru eftirfarandi:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins og reglum þessum. Í því felst m.a. að stjórn skal annast um skipulag félagsins og að starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi, auk þess sem hún skal hafa eftirlit með reikningshaldi. Stjórnin hefur yfirlit með starfsemi félagsins og skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri félagsins og stjórnendum þess.
- Að hafa forystu, ásamt forstjóra, að móta stefnur, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma.
- Að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að sjá til þess að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé sannreynt reglulega.
- Að sjá til þess að félagið starfi í samræmi við lög og reglur.

Stjórn félagsins tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, bæði hvað varðar stefnu félagsins og fjárhagsmálefni þess sbr. ákvæði 2. mgr. 68. gr. hfl. Við mat á ákvörðun skal líta til mikilvægis hennar, fjárhæðar, stærðar, lengd skuldbindingar, hvort ákvörðun teljist sjaldgæf eða óvenjuleg fyrir starfsemi félagsins og/eða hvort hún hafi umtalsverð áhrif á afkomu, rekstur eða orðspor félagsins.

Eftirfarandi eru dæmi um ákvarðanir sem stjórn Varðar hefur skilgreint sem óvenjulegar eða mikilsháttar:

- a. Breytingar á skipuriti félagsins. Hér er átt við stærri breytingar svo sem fækkun eða fjölgun framkvæmdastjóra en ekki flutningur verkefna/eininga á milli sviða.
- b. Breytingar á lykilstarfssviðum svo sem ákvörðun um útvistun þeirra.
- c. Frávik eða breytingar á fjárfestingarstefnu samanber þó undantekningu í 2. gr. fjárfestingarstefnu Varðar trygginga hf.
- d. Breyting á áhættuvilja er varðar váttryggingastarfsemi svo sem mörkun eigin áhættu í einstaka tjónum eða tjónsatburðum.
- e. Nýtt starfsleyfi eða veruleg breyting á þeirri starfsemi sem félagið stundar.
- f. Ákvörðun um meiriháttar fjárfestingar eða löggjörninga sem skuldbinda félagið til langs tíma, 10 ára eða lengur. Þar með talið kaup fasteigna, sala þeirra eða veðsetning, kaup á dóttur eða hlutdeildarfélögum.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar getur forstjóri tekið óvenjulegar eða mikilsháttar ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur ef það er gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sbr. ákvæði 12.4. Ef vafi leikur á hvort ákvörðun teljist vera óvenjuleg eða mikilsháttar skal forstjóri bera málið undir stjórn félagsins.

Stjórnarmenn skulu leggja sig fram í störfum sínum og tryggja heilbrigðan og traustan rekstur félagsins, s.s. með því að forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og forðast að ákvarðanir séu teknar út frá ómálefnalegum sjónarmiðum. Þeir skulu taka fullan þátt í stjórnarstörfum með því að kynna, eins og kostur er, efni funda og afhent fundargögn fyrir fram.

Stjórnin ber m.a. ábyrgð á eftirfarandi þáttum í starfsemi félagsins og skal annast eftirfarandi verkefni:

- a. Að ráða forstjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans og verkaskiptingu samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi og starfslýsingu.
- b. Að skipa nefndarmenn í endurskoðunarnefnd félagsins eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.
- c. Að skipa í starfskjaranefnd eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.
- d. Að sjá til þess að virkt innra eftirlit sé til staðar sem tryggir að félaginu sé stjórnað á traustan og skynsamlegan hátt og að innri endurskoðun sé starfandi.
- e. Að láta a.m.k. árlega framkvæma af hálfu innri endurskoðunar, í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins, úttekt á innra eftirliti.
- f. Að fjalla um árlega, án viðveru daglegra stjórnenda, á sérstökum stjórnarfundum, um málefni innra eftirlits og boða til fundarins endurskoðendur ásamt endurskoðunarnefnd.
- g. Að sjá til þess að til staðar sé virk áhættustýring, skilvirkir ferlar og vinnulag og jafnframt að til sé áhættustefna þar sem allar helstu áhættur félagsins eru skilgreindar.
- h. Að sjá til þess að eigið áhættu og gjaldþolsmat (ORSA) sé framkvæmt a.m.k. árlega, þar sem farið er yfir helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins samkvæmt þeim reglum sem gilda.
- i. Að fjalla um og samþykkja rekstraráætlun sem stjórnendur leggja fram fyrir hvert rekstrarár sem og 3-5 ára rekstraráætlun vegna ORSA.
- j. Að fjalla um og staðfesta tillögur forstjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
- k. Að fjalla um og samþykkja fjárfestingarstefnur fyrir félagið sem forstjóri og stjórnendur leggja fram fyrir hvert rekstrarár.
- l. Að setja stefnur, sem lög kveða á um að stjórn skuli setja, t.d. um útvistun mikilvægra verkefna og stefnur um lykilsvið félagsins, sbr. 4. mgr. 39. gr. vtsl.

- m. Að ákveða hvaða starfsmenn, auk forstjóra, hafi heimild til að skuldbinda félagið og hafa prókúru fyrir félagið.
- n. Að leggja tillögur um ráðstöfun á tekjuafgangi fyrir hluthafafund félagsins.
- o. Að taka ákvörðun um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum.
- p. Að sjá til þess að félagið starfi í samræmi við lög og reglur um váttryggingastarfsemi og að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu til þess að meta og reikna út váttryggingaskuld félagsins og til að sjá um tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið.
- q. Að boða til aðalfundar eigi síðar en í lok apríl ár hvert.
- r. Að sjá til þess að árlega sé framkvæmt sérstakt árangursmat stjórnar þar sem farið er yfir störf stjórnarinnar, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, auk þess að meta störf undirnefnda og leggja mat á frammistöðu forstjóra.
- s. Að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart án tafar hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa verulega þýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.
- t. Að viðhafðir séu góðir stjórnarhættir og að þeir séu yfirfarnir árlega.¹
- u. Að taka ákvarðanir, aðrar en þær sem hér hefur verið fjallað um, sem lög gera kröfu um að stjórn taki.

Að auki er gerð sú krafa til stjórnarmanna að þeir kynni sér lög og reglur sem um starfsemina gilda, um rekstur og starfsemi váttryggingafélaga og hafa skilning á hlutverki og ábyrgð þeirra, svo og stjórnar í heild sinni. Stjórnarmenn skulu:

- a. Taka sjálfstæðar ákvarðanir.
- b. Kynna sér öll þau gögn sem fyrir þá eru lögð og öll þau gögn sem stjórnarmenn telja nauðsynleg til að öðlast fullnægjandi skilning á rekstri félagsins, til að geta tekið upplýstar ákvarðanir.
- c. Koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptaleg, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins og að tilkynna stjórn ef hætta er á hagsmunaárekstrum eða vanhæfi við umfjöllun um einstök mál og víkja sæti ef slík mál koma upp.
- d. Stuðla að góðum starfsanda innan stjórnar.
- e. Hafa nægan tíma til að sinna starfi sínu af heilindum.

10. HLUTVERK STJÓRNARFORMANNS

Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema að hún ákveði annað.

Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart forstjóra.

Formaður stjórnar ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Stjórnarformaður ber ábyrgð á eftirfarandi verkefnum eða að sjá til þess að þeim sé sinnt:

- Að sjá til þess að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
- Að starfs- og fundaáætlun sé lögð fram fyrir hvert nýtt starfsár stjórnar.
- Að sjá til þess að boðað sé til stjórnarfunda í samstarfi við forstjóra félagsins og að dagskrá stjórnarfunda sé skýr og liggi fyrir fyrir fram í samræmi við starfs- og fundaáætlun og tryggja að nægur tími sé gefinn til umræðna um stærri og flóknari mál.
- Að halda stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem tengjast félaginu, stýra stjórnarfundum og stuðla að virkri þátttöku allra stjórnarmanna í umræðum og ákvarðanatöku.

¹ Í því felst m.a. að stjórnarhættir séu aðgengilegir og gagnsæir, stjórnin starfi í samræmi við lög, reglur og fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, að stjórnaráttaryfirlýsing sé birt á heimasíðu í samræmi við ákvæði laga sem og í sérstökum kafla í ársreikningi félagsins.

- Að tryggja í samstarfi við forstjóra félagsins að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn um lögbundnar skyldur stjórnar og ábyrgð, starfshætti stjórnar og málefni félagsins almennt.
- Að tryggja að stjórn fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn svo stjórnin geti rækt skyldur sínar.
- Að hafa yfirumsjón með samskiptum við hluthafa.
- Að sjá til þess að starfsreglur stjórnar séu uppfærðar og endurskoðaðar árlega og þegar á þarf að halda.
- Að tryggja að stjórn meti árlega störf sín og undirnefnda.
- Að annast gerð ráðningarsamnings við forstjóra skv. nánara umboði sem stjórnin veitir.

11. FYRIRSVAR STJÓRNAR OG ÖNNUR VERKEFNI

Stjórn skal sjá til þess að hlutaskrá sé haldin samkvæmt lögum.

Þegar um verulega hagsmuni er að ræða tilnefni stjórn félagsins fulltrúa til setu í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarféлага. Að öðru leyti skulu slíkar tilnefningar vera í höndum forstjóra sem gerir stjórn grein fyrir því, hverjir skipi stjórnarsæti í dóttur- og hlutdeildarfélögum f.h. félagsins.

Stjórn félagsins fjallar einnig um önnur mál sem hún skal annast samkvæmt lögum, reglugerðum og samþykktum félagsins, svo og þau mál sem forstjóri leggur fyrir hana.

12. HLUTVERK FORSTJÓRA

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum þess sem ekki eru öðrum falin með lögum, reglugerðum, samþykktum félagsins eða reglum þessum. Honum ber að sjá til þess að rekstur félagsins sé í öllum greinum samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum félagsins og ákvörðunum stjórnarinnar.

Forstjóri skal leggja fyrir stjórn fjárfestingarstefnu til samþykktar. Forstjóri leggur jafnframt fyrir stjórn til samþykktar rekstraráætlun félagsins fyrir hvert nýtt rekstrarár sem og drög að 3-5 ára áætlun vegna m.a. ORSA.

Stjórn skal kynnt endurtryggingaáætlun félagsins þegar hún liggur fyrir ár hvert.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt forstjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála og skulu slík mál tekin til ákvörðunar á stjórnarfundum. Eins getur forstjóri afgreitt slík mál, ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins sbr. ákvæði 2. mgr. 68. gr. hfl. Í þeim tilvikum skal forstjóri tafarlaust tilkynna formanni stjórnar um afgreiðslu málsins og skal hún færð til bókar á næsta stjórnarfund.

Stjórnarmenn skulu vísa fyrirspurnum fjölmiðla er varða starfsemi félagsins og daglegan rekstur til forstjóra og kemur hann fram fyrir hönd félagsins í þeim tilfellum.

13. UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR

Endurskoðunarnefnd

Eigi síðar en mánuði eftir aðalfund skal stjórn, í samráði við stjórn Varðar trygginga hf., skipa endurskoðunarnefnd sem starfa skal skv. IX. kafla a. laga um ársreikninga nr. 3/2006, frá 17. janúar 2006, sbr. l. 80/2008 um breytingar á lögum um ársreikninga. Stjórn skal jafnframt leggja til hver muni gegna formennsku nefndarinnar.

Endurskoðunarnefnd Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf. skal vera sameiginleg og skal skipuð a.m.k. þremur mönnum. Hvor stjórn skal eiga einn fulltrúa í nefndinni og skal stjórn Varðar trygginga hf. skipa þriðja nefndarmanninn, sem hvorki skal eiga sæti í stjórnnum félaganna né vera starfsmaður þeirra.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, um skilgreiningu á óhæði vísast til 3. gr. hér að framan. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, verða óháður móðurfélagi þess. Forstjóri félagsins skal ekki eiga sæti í nefndinni en situr fundi eftir því sem við á.

Stjórn skal sjá til þess að endurskoðunarnefnd setji sér starfsreglur sem taka í gildi við staðfestingu stjórnar, stjórn skal jafnframt hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar. Um hlutverk og helstu verkefni endurskoðunarnefndar er fjallað um í starfsreglum hennar.

Tillaga stjórnar félagsins um tilnefningu ytri endurskoðenda skal byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefnd. Endurskoðendur, bæði innri og ytri, skulu árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina.

Stjórn skal sjá til þess að endurskoðunarnefnd setja sér starfsreglur og skal hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar.

Árlega skal endurskoðunarnefnd leggja fram skýrslu til stjórnar um störf nefndarinnar á starfsárinu.

Starfskjaranefnd

Eigi síðar en mánuði eftir aðalfund skal stjórn, í samráði við stjórn Varðar trygginga hf., skipa starfskjaranefnd og jafnframt leggja til hver muni gegna formennsku nefndarinnar. Starfskjaranefnd Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf. skal vera sameiginleg og skal skipuð þremur mönnum. Hvor stjórn skal eiga fulltrúa í nefndinni, og skal stjórn Varðar trygginga hf. skipa þriðja nefndarmanninn.

Stjórn skal sjá til þess að starfskjaranefnd setji sér starfsreglur sem taka í gildi við staðfestingu stjórnar, stjórn skal jafnframt hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar. Um hlutverk og helstu verkefni starfskjaranefndar er fjallað um í starfsreglum hennar.

Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og æðstu stjórnendum þess, þ. á m. forstjóra. Hvorki forstjóri félagsins né aðrir æðstu stjórnendur skulu eiga sæti í starfskjaranefnd.

Ef stjórn eða forstjóri vikur frá starfskjarastefnu skal það borið undir starfskjaranefnd til samþykkis og rökstutt í hverju tilfelli fyrir sig og bókað í fundargerð.

Starfskjaranefnd skal árlega skila skýrslu til stjórnar um störf sín. Í árlegri skýrslu skal nefndin jafnframt gera stjórn grein fyrir hvernig nefndin metur árangur af starfi sínu.

14. GERÐ ÁRSREIKNINGS OG ÁRSSKÝRSLU STJÓRNAR

Forstjóri ber ábyrgð á að lögð séu fram drög að ársreikningi félagsins og samstæðureikningi. Forstjóri skal jafnframt sjá til þess að drög að ársskýrslu stjórnar og eftir atvikum samstæðureikningi liggi fyrir tímanlega fyrir stjórn. Kosinn endurskoðandi fer yfir þessi frumdrög og skráir athugasemdir sínar í endurskoðunarbók sem lögð er fyrir endurskoðunarnefnd og svo stjórn félagsins ásamt frumdrögum.

Þegar stjórnin hefur farið yfir framangreind gögn og þau gefa, að hennar mati, rétta mynd af starfseminni og eignastöðu, undirritar stjórn og forstjóri ársreikning félagsins og samstæðureikning ásamt fylgiskjöllum. Skýrslur þessar og ársreikningar eru síðan lagðar fyrir aðalfund til staðfestingar.

Endurskoðendum er rétt og skylt að sitja stjórnarfundi þegar ársreikningurinn er á dagskrá. Þeir skulu einnig gefa álit sitt á ársreikningnum og fylgiskjöllum hans. Formaður getur einnig boðað endurskoðendur á aðra fundi stjórnarinnar eftir þörfum.

15. UPPLÝSINGAGJÖF TIL STJÓRNAR OG NÝRRA STJÓRNARMANNA

Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundi leggja fyrir stjórn félagsins upplýsingar um starfsemi félagsins frá því á síðasta stjórnarfundi. Reglulega skulu upplýsingar veittar um stöðu fjárfestinga félagsins, gjaldþol ásamt upplýsingum um helstu áhættur í rekstri félagsins. Tryggt skal gott aðgengi stjórnarmanna að upplýsingum og gögnum milli stjórnarfunda sé þess óskað.

Stjórn getur á stjórnarfundum óskað eftir upplýsingum og/eða gögnum frá forstjóra eða öðrum starfsmönnum félagsins sem stjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða forstjóra félagsins utan stjórnarfunda skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar á eftir, varði þau hagi félagsins eða einstök verkefni.

Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök mál skulu bornar upp á fundum stjórnar félagsins. Stjórnarmenn geta sent fyrirspurnir til framkvæmdastjóra félagsins á milli stjórnarfunda, telji þeir það nauðsynlegt og skal það þá gert með tölvupósti sem aðrir stjórnarmenn fá afrit af samtímis. Svör skulu ávallt kynnt stjórninni allri en ekki einungis þeim stjórnarmanni sem bar upp fyrirspurnina. Forstjóri skal sjá til þess að fyrirspurnir séu bókaðar í fundargerðir félagsins og halda þannig utan um slíkar fyrirspurnir og varðveita gögn um þær og svör sem við þeim berast. Sama á við fyrirspurnir um starfsemi nefnda. Á milli stjórnarfunda er stjórnarmönnum óheimilt að óska upplýsinga eða beina fyrirspurnum til annarra starfsmanna félagsins nema að fengnu samþykki forstjóra.

Umræður og fyrirspurnir um viðskipti og málefni einstakra viðskiptavina og miðlun upplýsinga um framangreint til stjórnarmanna skal einungis fara fram á stjórnarfundum eða nefndarfundum. Svör skulu lögð fyrir alla stjórnarmenn og skráð í fundargerð.

Starfsmönnum félagsins er heimilt að beina fyrirspurnum sínum beint til stjórnar eða vekja athygli á málefnum félagsins á stjórnarfundum. Starfsmönnum ber að beina fyrirspurnum sínum til forstjóra sem þá leggur erindið fyrir stjórn. Ef starfsmaður telur það fyrirkomulag skapa hættu á hagsmunaárekstrum getur hann beint fyrirspurn sinni beint til formanns stjórnar sem þá tekur málið fyrir á stjórnarfundi. Ef starfsmaður vill beina erindi sínu til stjórnar nafnlaust getur hann beint því til innri endurskoðanda sem þá sendir það áfram til stjórnar.

Skýrslur löggilts endurskoðanda og innri endurskoðunar um félagið skulu ávallt kynntar stjórn sérstaklega og vera aðgengilegar á vefgátt á hverjum tíma.

Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að sjálfstæðri sérfræðiráðgjöf á kostnað félagsins telji þeir nauðsyn á slíku til að taka sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir.

Stjórnarformaður skal í samráði við forstjóra sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái kynningu og upplýsingar um starfsemi félagsins eins fljótt og auðið er eftir að ný stjórn hefur verið kjörin ár hvert. Upplýsingar skulu veittar um m.a. fjármál, þau lög sem um starfsemina gilda, samþykktir þess og innri reglur, ásamt uppbyggingu og rekstur félagsins, til þess að nýir stjórnarmenn geti sinnt skyldum sínum þannig að vel verði við unað. Nýir stjórnarmenn skulu enn fremur áður en formleg stjórnarseta hefst eða eins fljótt og auðið er:

- Hitta formann stjórnar.
- Heimsækja höfuðstöðvar félagsins.
- Hitta forstjóra og aðra stjórnendur félagsins.

16. ÁBYRGÐ, MEÐFERÐ OG ENDURSKOÐUN STARFSREGLNA STJÓRNAR

Formaður ber ábyrgð á að starfsreglum þessum sé fylgt.

Frumrit samþykktra starfsreglna á hverjum tíma, skal vera til staðar hjá félaginu. Jafnframt skal afrit vistað á viðeigandi stað og á vefgátt stjórnar. Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins í samræmi við reglur, gagnsæi upplýsinga og góða stjórnarhætti.

Starfsreglur þessar skulu yfirfarnar árlega þegar ný stjórn kemur saman, eigi síðar en á öðrum ársfjórðungi ár hvert.

Til breytinga á starfsreglum þessum þarf einfaldan meirihluta stjórnarmanna. Að öðru leyti en kveðið er á um í reglum þessum gilda um ábyrgð, vald og störf stjórnar ákvæði vstl., hfl., og árl., og eftir atvikum önnur almenn lög, reglugerðir, stjórnvaldsfyrirmæli auk samþykkt félagsins og aðrar reglur sem stjórnin sjálf hefur sett sér.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu stjórnar.

17. SAMÞYKKT

Þannig samþykkt af stjórn Varðar trygginga hf. á stjórnarfundi 22. mars 2024.